

Fjárlaganefnd Alþingis

Reykjavík, 22. febrúar 2022

Minnisblað vegna sölu hluta í Íslandsbanka

Nasdaq Iceland (Kauphöllin) þakkar fyrir tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum í tilefni af fyrirætlun ríkisstjórnarinnar að selja frekari eignarhlut í Íslandsbanka.

Kauphöllin telur að framhald á sölu á hlutum ríkisins í Íslandsbanka muni styrkja fjármögnunarumhverfi íslenskra fyrirtækja og þar með íslenskt efnahagslíf. Fyrir því eru sams konar rök og reifuð voru í minnisblaði Kauphallarinnar til fjárlaganefndar dags. 12. janúar 2021 í tilefni af áformum ríkisstjórnarinnar að selja hluti í Íslandsbanka og skrá bankann á hlutabréfamarkað:

- Stærð Íslandsbanka og hversu vel hann endurspeglar íslenskt atvinnulíf er til þess fallið að laða erlenda fjárfesta að íslenskum fjármagnsmarkaði, eins og sýndi sig í frumútboði bankans sl. sumar. Sala á hlutum í Íslandsbanka hefur því jákvæð áhrif á fjármagnsflæði inn í landið. Þetta er mikilvægt mótvægi við útflæði vegna t.d. fjárfestinga lífeyrissjóða erlendis. Forsenda þess að íslenskir lífeyrissjóðir geti fjárfest nægilega erlendis án neikvæðra áhrifa á gengisstöðugleika er vilji erlendra aðila til að fjárfesta á Íslandi.
- Innkoma erlendra fjárfesta á íslenskan hlutabréfamarkað með kaupum á hlutabréfum í Íslandsbanka er einnig líkleg til að gagnast öðrum íslenskum félögum til fjármögnunar þegar til lengri tíma er litið. Þetta á við margs konar félög, allt frá þeim sem þegar eru skráð á hlutabréfamarkað til óskráðra efnilegra nýsköpunarfyrirtækja, enda horfa fjárfestar til þess við fjármögnun á fyrri stigum hvort til staðar er öflugur hlutabréfamarkaður þar sem þeir geta bæði síðar selt hluti sína og aflað félögunum frekara fjármagns til vaxtar.
- Í minnisblaðinu til fjárlaganefndar fyrir rúmu ári var bent á mikilvægi þess að fjölga stórum félögum á hlutabréfamarkaði fyrir þróun markaðarins og eflingu fjármögnunarumhverfisins almennt. Það endurspeglast í stöðlum sem alþjóðlega vísitölufyrirtækið MSCI notar við gæðaflokkun hlutabréfamarkaða. Eitt skilyrði MSCI snýr beinlínis að fjölda stórra félaga sem skráð eru á hlutabréfamarkað. En skilyrðið lýtur ekki einungis að markaðsvirði viðkomandi félaga heldur er einnig litið til svokallaðs „flots“, þ.e. markaðsvirðis þeirra hluta í félögunum sem almennt má ætla að geti gengið kaupum og sölum. Frá floti dragast t.d. hlutir í eigu ríkisins. Með frekari sölu ríkisins á hlutum í Íslandsbanka eykst því flot hlutabréfa í bankanum og þar með aukast möguleikar Íslands til að klífa gæðaflokkunarstiga alþjóðlegra vísitölufyrirtækja. Eftir því sem hlutabréfamarkaður lands færir ofar í flokkunarstigann fjölga þeim fjárfestum sem vilja eða hreinlega verða að fjárfesta á viðkomandi markaði.

Auk ofangreindra röksemda fyrir áframhaldandi sölu hluta ríkisins í Íslandsbanka er vert að benda á að með auknu floti má ætla að enn auðveldara verði að kaupa og selja bréf í bankanum. Fjárfestar kunna að

meta slíkan aukinn seljanleika. Að öðru jöfnu ætti því sala á frekari hlut í Íslandsbanka að vera virðisaukandi aðgerð fyrir ríkið og aðra hluthafa bankans.

Kauphöllin gerir ekki athugasemd við þá aðferð sem lögð er til við sölu, þ.e. að byrjað verði á sölu með tilboðsfyrirkomulagi með möguleika á sölu með miðlunaráætlun og markaðssettu útboði á síðari stigum, enda í takti við algengt fyrirkomulag við sambærilega sölu. Kauphöllin er einnig sammála því að heppilegur tími til sölu sé fljótlega í framhaldi af birtingu uppgjörs bankans, en bankinn birti ársuppgjör sitt fyrir árið 2021 þann 10. febrúar sl.

Að því er varðar tímasetningu sölu frekari hluta að öðru leyti má benda á að verð hlutabréfa er töluvert hærra en þegar frumútboð Íslandsbanka fór fram í júní sl. Þannig hefur Heildarvísitala Aðalmarkaðar hækkað um 17% frá lokum útboðsins (til 21. feb.) og verð hlutabréfa Íslandsbanka er nú 34% hærra en í lok fyrsta viðskiptadags með bréfin þann 22. júní sl. Verð hlutabréfa annarra skráðra banka hefur einnig hækkað á sama tíma, Arion banka um 30% og Kviku banka um 11%. Það er einnig lýsandi fyrir aukinn styrk íslensks hlutabréfamarkaðar að áhugi félaga á skráningu er óvenju mikill um þessar mundir og væntir Kauphöllin þess að nýskráningar í ár verði a.m.k. jafn margar og í fyrra.

Virðingarfyllst,



Magnús Harðarson,

forstjóri Nasdaq Iceland